

Ársskýrsla tengiliðs Shetland sheepdog vegna 2021

Árið 2021 fæddust 17 hvolpar í sex gotum hjá sex ræktendum í tegundinni. Gotstærðir voru allt frá einum og upp í fimm hvolpa. Að þessu sinni voru engir innfluttir hundar en einn flutti erlendis með fjölskyldu sinni. Þrír féllu frá svo vitað er, þar á meðal hinn 14 ára gamli Ísi, Moorwood Caribbean Blue Lovelace, sem var ættfaðir allra bláu hundanna okkar þar til nú.

Árið 2022 fer vel af stað í ræktun, en til þessa eru komin 6 got og samtals 27 hvolpar.

Þann 31. desember 2021 voru 120 skráðir Shetland sheepdog hjá HRFÍ, en 7 hvolpar bíða enn skráningar í ættbók frá árinu 2021 þegar þetta er ritað.

Tengiliður hefur engar upplýsingar um árangur tegundarinnar í hlýðni eða hundafimi á árinu.

Ágæt skráning var á sýningar ársins, 6 hvolpar á hvolpasýningu dómarafélagsins og HRFÍ, 23 á NDS sýninguna í ágúst og 24 á IDS sýninguna daginn eftir. Á deildarsýningu Fjár- og hjarð í Ölfusi í október mættu 20 sheltiehundar og fulltrúar tegundarinnar voru BIS ungvíði, hvolpur og að lokum besti hundur sýningar. Nokkuð færri mættu á NDS sýningu í nóvember, eða 16. Lesa má umsagnir og finna nánari niðurstöður á sheltie.is síðunni.

Stigahæsti Shetland sheepdog hundur deildarinnar er Moorwood Special Bookmaker, fimm ára gamall innfluttur rakki í eigu Lilju Dóru Halldórsdóttur. Stigahæstur á lista HRFÍ er Undralands Time Bomb, 2gja ára rakki í eigu Guðnýjar Ísaksen.

Einungis tveir nýjir ungliðameistarar bættust við meistarahóp okkar á árinu, systkinin Kirkjufells Special Legend og Kirkjufells Special Beginning.

20 hundar voru augnskoðaðir á árinu. Hlutfall CEA hunda hefur haldist nokkuð óbreytt hjá okkur, um 25-30% og þetta árið voru 6 greiningar. Af þeim var einn hundur með Colobom, sem er alvarlegri gráða af CEA. Annarra heilsufarsprófa er ekki krafist fyrir ræktun, en tengiliður hvetur þó ræktendur til að DNA prófa hunda sína fyrir MDR-1 stökkbreytingarinnar sem finnst í sheltie eins og öðrum fjárhundakynjum. Þá vekur tengiliður athygli á því að komið nýtt DNA próf vegna svk. lance canines hjá sheltie, eða vígtanna sem vaxa fram, en slíkur galli hefur fundist hér hjá okkur. Fyrirtækið sem býður upp á prófið heitir Vetgen.

Tengiliður heldur úti vefsíðu þar sem finna má upplýsingar um skráða Shetland sheepdog hunda. Vefslóðin er www.sheltie.is, en á síðunni eru m.a. niðurstöður heilbrigðisprófa, úrslit og umsagnir frá sýningum, upplýsingar um hvolpa auk annars fróðleiks um hundakynið.

Mars 2022,
Lilja Dóra Halldórsdóttir,
HRFÍ tengiliður Shetland sheepdog.